

---

## Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. Ársskýrsla 2019

Ársskýrsla 2019 er unnin í nóvmeber 2020 í tengslum við ársfund byggðasamlagsins. Skýrsluna unnu Jóhannes Hr. Símonarson, skrifstofustjóri, Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi og Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi.

### Byggðasamlag

Í upphafi árs sátu í stjórn byggðasamlagsins Björgvin Skafti Bjarnason formaður, (Skeiða- og Gnúpverjahreppi), Árni Eiríksson, (Flóahreppi), Helgi Kjartansson, (Bláskógabyggð), Ingibjörg Harðardóttir (Grímsnes- og Grafningshreppi), Halldóra Hjörleifsdóttir (Hrunamannahreppi) og Guðmundur J. Gíslason (Ásahreppi). Engar breytingar urðu á stjórn á árinu.

Stjórnin hélt 15 stjórnarfundum á árinu auk ársfundar sem haldinn var þann 30. október að Félagsheimilinu Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

### Starfsmannamál

Í byrjun árs 2019 lét Petrína Freyja Sigurðardóttir móttökufulltrúi af störfum. Í hennar stað var ráðinn Guðmar Elís Pálsson í starf móttökuritari og hóf hann störf þann 1. mars 2019. Í lok mars lét Sigrún Elín Birgisdóttir af störfum sem ritari skipulagsfulltrúa og tók Stella Rúnarsdóttir við hennar störfum að miklu leyti. Halla Kjartansdóttir var ráðin tímabundið til aðstoðar við skráningar og innheimtu lóðamála og starfaði hún fyrir embættið frá miðjum júlí fram í miðjan desember. Í nóvember var auglýst eftir skrifstofustjóra til embættisins og var gengið frá ráðningu Jóhannesar Hr. Símonarsonar í starfið í árslok en hann hóf störf í lok janúar 2020. Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi sagði upp störfum í árslok og var auglýst eftir nýjum skipulagsfulltrúa í ársbyrjun 2020.

### Í lok árs 2019 voru eftirfarandi starfsmenn hjá byggðasamlaginu:

Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi  
Elísabet Dröfn Erlingsdóttir og Sigurður Hreinsson, aðstoðarmenn skipulagsfulltrúa  
Stella Rúnarsdóttir, ritari skipulagsfulltrúa  
Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi  
Lilja Ómarsdóttir og Stefán Short, aðstoðarmenn byggingarfulltrúa  
Hildur Magnúsdóttir, ritari byggingarfulltrúa  
Guðmar Elís Pálsson, móttökuritari

Fjöldi stöðugilda á árinu 2019 taldist vera 9,7

### Rekstur

Byggðasamlagið sér um að innheimta byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöld fyrir sveitarfélögin en þær tekjur er þó ekki bókfærðar sem tekjur hjá samlaginu sjálfu þar sem þessi gjöld renna beint til sveitarfélaganna. Rekstur byggðasamlagsins byggir á mánaðarlegum fjárframlögum aðildarsveitarfélaganna í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun auk þess sem samlagið hefur sértekjur í formi gjalda vegna vinnu við málsmeðferð skipulagsáætlana og lóðastofnanir.

Kostnaðarhlutdeild hvers sveitarfélags var eftirfarandi á árinu 2019:

- 15% er fastur kostnaður sem deilt er jafnt á öll sveitarfélögin
- 38% miðast við hlutfall innheimtra byggingar- og framkvæmdaleyfisgjalda

- 25% miðast við hlutfall mála í skipulagsnefnd
- 22% skiptist á grundvelli þeirra verkefna sem unnin voru fyrir hvert sveitarfélag á tæknisviði.

Á ársfundi byggðasamlagsins 30. október 2019 var formlega samþykkt að leggja niður tæknisviðs- hluta embættisins og aðlaga til samræmis kostnaðarskiptingu sveitarfélaganna með eftirfarandi hætti:

- 20% er fastur kostnaður sem deilt er jafnt á öll sveitarfélögin
- 40% miðast við hlutfall innheimtra byggingar- og framkvæmdaleyfisgjalda
- 40% miðast við hlutfall mála í skipulagsnefnd

Eftir þessari kostnaðarskiptingu greiða sveitarfélögin sín mánaðarlegu fjárframlög árið 2020.

Í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaganna vegna reksturs byggðasamlagsins yrði 139.207.007 kr. en niðurstaðan var 143.619.204 kr. Helsta ástæða hækkunar á kostnaði var meiri hækkun á launum og launatendum gjöldum í kjölfar kjarasamninga hjá starfsmönnum en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun. Einnig hækkuðu nefnda- og stjórnarlausn nokkuð á árinu. Sértekjur embættisins voru 8.657.218 kr. en gert hafði verið ráð fyrir 8,5 mkr. sértekjum í áætlun ársins.

Í fjárhagsáætlun miðast kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga við niðurstöðu ársins á undan, þ.e. hlutfall byggingar- og framkvæmdaleyfa og mála í skipulagsnefnd. Í lok árs er kostnaðarhlutdeildin síðan endurskoðuð miðað við rauntölur ársins. Alltaf eru einhverjar sveiflur í kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna milli ára í hlutfalli við breytingar á málafjölda en þó ekki mjög miklar. Til samanburðar má skoða kostnað sveitarfélaganna vegna Umhverfis- og tæknisviðs bs. fyrir tímabilið 2016 til 2019, skv. ársreikningum hvers árs og á verðlagi hvers árs fyrir sig:

2019: 143.619.204 kr. –  
 2018: 136.388.548 kr. –  
 2017: 130.461.034 kr. –  
 2016: 117.577.511 kr. –

Í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaganna vegna reksturs byggðasamlagsins árið 2020 verði 161.633.967 kr. og skiptist þessi kostnaður sveitarfélaganna innbyrðis skv. áður nefndri kostnaðarskiptingu.

Eftir að tæknisvið embættisins var formlega lagt niður skiptist skrifstofan nú í tvö svið sem þó vinna náið saman, þ.e. skipulagssvið þar sem skipulagsfulltrúi er faglegur stjórnandi og byggingarvið þar sem byggingarfulltrúi er faglegur stjórnandi. Hér á eftir eru tölulegar upplýsingar yfir fjölda mála á hvoru sviði fyrir sig árið 2019 ásamt sýn fulltrúanna tveggja fram á veginn.

## Skipulagsmál 2019

### Skipulagsnefnd

Á fundum nefndarinnar eru tekin fyrir mál er varða breytingar á aðalskipulagi, deiliskipulagsmál, fyrirspurnir varðandi skipulags- og byggingarmál, umsagnir af ýmsu daga, framkvæmdaleyfi, stofnun lóða þar sem skipulag liggur ekki fyrir og mál sem byggingarfulltrúi hefur vísað til nefndarinnar. Þá eru afgreiðslur byggingarfulltrúa lagðar fram til kynningar í nefndinni.

Að jafnaði eru haldnir 2 skipulagsnefndarfundir í mánuði nema í júlímánuði þegar fundir falla niður vegna sumarleyfa. Á árinu 2019 voru haldnir 20 fundir í nefndinni.

Yfirlit yfir fjölda og gerð mála sem voru til umfjöllunar í nefndinni árið 2019 kemur fram í eftirfarandi töflu. Rétt er að taka fram að þetta eru ekki allt óskyld mál heldur er hér búið að telja saman fjölda afgreiðslna á fundum nefndarinnar sem felur í sér að sama málið getur verið talið nokkrum sinnum þar sem sum mál koma til afgreiðslu nefndarinnar á mismunandi stigum málsmeðferðar.

Skipulagsnefnd UTU bs. 2019									
	Lóðamál	Aðal- skipulags- mál	Ný deili- skipulög	Deili- skipulags- breytingar	Framkv.- leyfi	Bygginga- mál	Annað	Samtals	Hlutfall
Ásahreppur	8	6	8	3	1	2	0	28	7%
Bláskógabyggð	13	25	35	32	7	16	22	150	39%
Flóahreppur	11	12	7	10	2	5	8	55	14%
Grímsnes- og Grafningshreppur	20	1	12	19	7	20	10	89	23%
Hrunamannahreppur	3	10	1	6	0	3	2	25	7%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	7	0	7	8	4	9	1	36	9%
Sameiginleg mál	0	0	0	0	0	0	0	0	0%
<b>Samtals:</b>	<b>62</b>	<b>54</b>	<b>70</b>	<b>78</b>	<b>21</b>	<b>55</b>	<b>43</b>	<b>383</b>	<b>100%</b>

### Auglýsingar skipulagsáætlana

Sama form var á auglýsingum skipulagsáætlana og síðustu ár, þ.e. yfirlitt eru margar skipulagsáætlanir kynntar/auglýstar saman í einni stórrí auglýsingu sem birtist í Dagskránni, Fréttablaðinu og Lögbirtingablaðinu og jafnframt á heimasíðu embættisins [www.utu.is](http://www.utu.is). Á árinu 2019 voru alls kynntar/auglýstar 159 skipulagsáætlanir sem er allnokkur aukning frá fyrri árum en alls voru auglýstar 100 skipulagsáætlanir á árinu 2018 og 83 skipulagsáætlanir á árinu 2017.

Af þessum 159 skipulagsáætlunum fjölluðu 40 þeirra um aðalskipulagsmál og 119 um deiliskipulagsmál. Hafa þarf í huga að einstaka skipulagsmál getur verið birt allt að fjórum sinnum (lýsing, tillaga, auglýsing og niðurstaða sveitarstjórnar) og því er raunverulegur fjöldi mála nokkuð lægri. Ef aðeins eru talin fjöldi mála sem auglýst voru endanlegri auglýsingu þá voru þau mál 56 talsins á árinu 2019, þ.e. 9 aðalskipulagsbreytingar og 47 deiliskipulagsmál.

Málin skiptust á eftirfarandi hátt milli sveitarfélaga, samanborið við árin á undan:

Kynning á skipulagsáætlunum						
Sveitarfélag	2019		2018		2017	
	Aðal- skipulagsmál	Deili- skipulagsmál	Aðal- skipulagsmál	Deili- skipulagsmál	Aðal- skipulagsmál	Deili- skipulagsmál
Ásahreppur	7	10	2	4	0	1
Bláskógabyggð	15	45	8	18	6	14
Flóahreppur	11	13	4	16	6	14
Grímsnes- og Grafningshreppur	0	18	2	13	1	5
Hrunamannahreppur	6	22	5	11	4	5
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1	11	8	9	12	15
<b>Samtals:</b>	<b>40</b>	<b>119</b>	<b>29</b>	<b>71</b>	<b>29</b>	<b>54</b>

### Grenndarkynningar:

Árið 2019 voru 43 mál grenndarkynnt, þar af 14 vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi og 29 vegna byggingarleyfisumsókna. Um er að ræða svipaðan fjölda grenndarkynninga og árin tvö þar á undan en þá varð nokkur aukning á grenndarkynningum miðað við árinu þar á undan. Sjá meðfylgjandi töflu:

Grenndarkynningar					
Sveitarfélag	2019	2018	2017	2016	2015
Ásahreppur	1	2	0	1	0
Bláskógabyggð	19	24	18	11	8
Flóahreppur	4	3	6	5	4
Grímsnes- og Grafningur	8	9	10	7	6
Hrunamannahr.	5	3	3	2	2
Skeiða- og Gnúp	6	7	3	2	4
<b>Samtals:</b>	<b>43</b>	<b>48</b>	<b>40</b>	<b>28</b>	<b>24</b>

### Lóðamál

Á árinu 2019 voru samtals stofnaðar 125 nýjar lóðir, þ.e. 90 á grundvelli gildandi deiliskipulags og 34 með vísun í 48. grein skipulagslaga. Einnig var stofnuð 1 lóð sem eyrnamerkt var þjóðlendumálum. Um var að ræða nokkra fækkun miðað við árin á undan sem voru býsna lífleg á þessu sviði, sjá meðfylgjandi töflu:

Lóðastofnanir					
Sveitarfélag	2019	2018	2017	2016	2015
Ásahreppur	3	5	9	9	5
Bláskógabyggð	44	64	44	39	29
Flóahreppur	15	34	9	17	9
Grímsnes- og Grafningur	32	48	54	55	29
Hrunamannahr.	12	13	5	22	15
Skeiða- og Gnúp	19	27	14	8	11
<b>Samtals:</b>	<b>125</b>	<b>191</b>	<b>135</b>	<b>150</b>	<b>98</b>

## Gildistaka skipulagsáætlana

Árið 2019 tóku 74 skipulagsáætlanir gildi sem er nánast sami fjöldi og árið á undan þegar 76 skipulagsáætlanir tóku gildi. Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda auglýsinga sem birtar voru í B-deild stjórnartíðinda, allt frá árinu 2015, skipt eftir sveitarfélögum:

<b>B - deildar auglýsingar</b>					
<b>Sveitarfélag</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>
Ásahreppur	7	6	1	5	2
Bláskógabyggð	21	19	33	20	29
Flóahreppur	10	7	14	7	5
Grímsnes- og Grafningur	12	21	15	22	13
Hrunamannahr.	13	11	9	4	11
Skeiða- og Gnúp	11	12	13	6	5
<b>Samtals:</b>	<b>74</b>	<b>76</b>	<b>85</b>	<b>64</b>	<b>65</b>

## Núverandi staða og framtíðarsýn skipulagsfulltrúa:

Undirritaður skipulagsfulltrúi hóf störf í 100% starfshlutfalli í byrjun júní 2020 eftir að Rúnar Guðmundsson lét af störfum. Hér á eftir fara nokkur orð skipulagsfulltrúa varðandi núverandi stöðu embættisins og framtíðarsýn.

Undir þeim hluta skrifstofu UTU sem undirritaður kys að kalla skipulagssvið starfa í dag 4 einstaklingar, skipulagsfulltrúi, aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa og tveir ritarar. Flestir starfsmenn sviðsins hafa ekki starfað undir hatti UTU í langan tíma eða við úrvinnslu skipulagsmála ef frá er talin aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa sem hefur hvað lengstan starfsaldur innan veggja skrifstofunnar eins og sakir standa. Við upphaf starfa undirritaðs stóð til að sá starfsmaður mundi láta af störfum en sem betur fer ákvað viðkomandi að halda áfram stöfum á skrifstofu UTU. Þar sem mörg mál innan embættisins eiga rætur sínar að rekja fyrir árið 2020 hefur það reynt ómetanlegt að hafa starfsmann innan veggja skrifstofunnar sem hefur þekkingu nokkur ár aftur í tímann auk góðrar staðþekkingar af svæðinu, mönnum og málefnum, fyrir utan umfangsmikla sérhæfingu í lóða- og landamerkjumálum. Aðrir starfsmenn sviðsins hafa ekki síður staðið undir væntingum frá því að undirritaður hóf störf og er óhætt að segja að ritarar skipulagssviðs séu búin að byggja upp góða þekkingu á úrvinnslu skipulagsmála þrátt fyrir stuttan starfsaldur við slíkt. Annar þeirra hefur hafið meistaranám í skipulagsfræðum við LBHÍ. Er það vel að starfsmenn embættisins dýpki þekkingu sína á málefnum og mun það án efa styrkja embættið enn frekar til framtíðar ef að við náum að halda núverandi hópi saman.

Eftir tæplega 6 mánuði í starfi hef ég reynt að byggja ofan á það góða starf sem fyrir var innan sviðsins og koma mér almennilega inn í starfsemi þess að öðru leiti. Það er þó ekkert launungamál að samstarf á milli starfsmanna innan sviðsins var í fremur bágu ástandi á tímabili. Það hefur því leynt og ljóst verið lögð áhersla á að ná fram samstarfi og samráði á milli allra starfsmanna innan og utan sviðsins með það að markmiði að allir starfsmenn séu meðvitaðir um sitt hlutverk án þess þó að mynda of mikla sérhæfingu. Þannig eigi alltaf einhver að geta gengið störf annarra að einhverju leiti, komi til leyfa eða forfalla starfsfólks.

Með það að sjónarmiði hefur verið bætt við sviðsfundum skipulagssviðs sem er haldinn aðra hverja viku á þriðjudegi eða miðvikudegi í þeirri viku sem ekki er fundur hjá skipulagsnefnd. Á þessum fundum er farið yfir hvaða mál liggja fyrir næsta fund skipulagsnefndar og þau rædd. Auk þess eru

---

rædd önnur mál sem starfsmönnum liggur á hjarta, stöðu ákveðinna mála eða vandamál sem hafa komið upp úrvinnslu mála, hvort að eitthvað þurfi að bæta eða breyta eða hvað annað sem talin er þörf á að ræða á hispurslausan hátt. Samhliða þessu hefur sviðið komið sé upp sameiginlegu svæði þar sem hægt er að senda inn hugmyndir að hverju sem starfsmönnum dettur í hug að þurfi að ræða á næsta fundi sviðsins. Þetta hefur að mínu mati gengið ágætlega og skapað betra samstarf milli okkar sem störfum saman að þessum málum. Samhliða því var ákveðið að stytta frest vegna afhendingar á gögnum fyrir fund Skipulagsnefndar um 2 daga þannig að starfsmenn hafi lengri tíma til að fara yfir mál áður en þau eru send fyrir skipulagsnefndarfund. Áður þurftu hönnuðir að skila inn gögnum viku fyrir fund (í lok þriðjudags) en nú þarf að skila gögnum fyrir hádegi á mánudegi í vikunni fyrir skipulagsnefndarfundinn. Þessi regla er ófrávíkjanleg í flestum tilfellum en getur þó verið beygð aðeins ef fá mál eru á dagskrá eða ef að mál er að koma aftur fyrir fund eftir að því hefur verið frestað.

Til framtíðar stendur embættið vel að mati undirritaðs, sérstaklega gagnvart þeim mannauði sem er til staðar innan skrifstofunnar í dag og góðs samstarfs á milli bygginga- og skipulagssviðs. Til framtíðar ætti sviðið að geta styrkst enn frekar með aukinni reynslu og menntun starfsmanna í faginu. Embættið gæti jafnvel vaxið enn frekar og haft stærra hlutverk m.t.t. stefnumótunar og aðstoðar við sveitarfélögin gagnvart vinnslu skipulagsgagna og yfirferð.

Eins og staðan er í dag er helsta hlutverk embættisins að tryggja að skipulagsmál hljóti rétta stjórn-sýslulega meðferð í gegnum stjórnkerfið. Það hlutverk er og verður mikilvægasta hlutverk þess, samhliða því að veita íbúum og landeigendum innan aðildarsveitarfélaganna þjónustu og ráðgjöf varðandi meðferð sinna mála með hagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi. Á þeim stutta tíma sem undirritaður hefur starfað við embættið hefur þó oft á tíðum skort á tíma til að sinna ráðgjöf til kjörinna fulltrúa eða vinna almennt að stefnumörkun skipulagsmála þar sem álitamál koma upp nokkuð reglulega. Það er von mín til framtíðar að gefast muni meiri tími til að sinna þeirri vinnu fyrir aðildarsveitarfélögin samhliða almennri afgreiðslu mála hjá embættinu. Í fjarlægri framtíð mætti jafnvel sjá fyrir sér að embættið hefði til umráða starfsmann sem gæti unnið að gerð hönnunargagna og lóðarblaða fyrir sveitarfélögin, samhliða yfirferð hönnunargagna sem berast til afgreiðslu embættisins.

Um húsnæðismál embættisins skal ósagt látið í þessum pistli, en lagt er traust á að kjörnir fulltrúar hafi fullnægjandi upplýsingar til að veita og meta allar helstu forsendur málsins og taki upplýsta ákvörðun um næstu skref.

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi

## Byggingarmál 2019

### Almennt um byggingarsvið

Byggingahluti embættisins annast alla umsjón með afgreiðslum byggingarleyfa, yfirferð aðaluppdráttar og sérteikninga, útsetningu húsa á byggingarreit, eftirlit með skráningu byggingarstjóra og iðnmeistarar, skráningu mannvirkja í fasteignaskrá, stöðuskoðanir, öryggis- og lokaúttektir og veitir umsagnir um rekstrarleyfi auk annarra verkefna sem því er falið.

### Áfangaúttektir byggingarstjóra

Frá 1. janúar 2019 var tekið upp það fyrirkomulag að byggingastjórar ættu sjálfir að framkvæma áfangaúttektir einstakra verkþátta við byggingaframkvæmdir í því skyni að gera þeim betur grein fyrir ábyrgð sinni. Byggingafulltrúar höfðu fram að þessu séð um áfangaúttektir án þess þó að bera ábyrgð á verkinu. Þannig var embætti byggingafulltrúa oft að mæta í 10 – 15 áfangaúttektir á hverju byggingarmáli fyrir sig áður en þetta fyrirkomulag var tekið upp svo breytingin vegna þessa nýja fyrirkomulags var töluverð. Niðurstöðum áfangaúttektanna eiga byggingastjórar að skila inn í byggingargátt Mannvirkjastofnunar í gegnum sérstakt úttektarapp. Við þetta breytta fyrirkomulag breyttist að sama skapi starf byggingafulltrúa og aðstoðarmanna hans úr því að sjá um áfangaúttektirnar sjálf í það að kenna byggingarstjórum á úttektarappið og þetta nýja fyrirkomulag. Byggingastjórar eru misjafnlega fljótir og viljugir að taka upp þetta nýja verklag og fór mjög mikill tími byggingafulltrúa og aðstoðarmanna hans í að kenna byggingarstjórum á úttektarappið og aðstoða þá við að taka upp þetta nýja verklag.

Byggingarstjórum ber eftir sem áður að tilkynna til byggingafulltrúa með 4 klst. fyrirvara að þeir hyggst framkvæma áfangaúttekt í þeim tilgangi að byggingafulltrúi geti brugðist við og verið viðstaddur úttektina ef hann svo kys. Mikill misbrestur er þó á þessum tilkynningum. Byggingafulltrúa er þó skylt að framkvæma a.m.k. eina stöðuúttekt á framkvæmdatímanum og síðan öryggis- og/eða lokaúttekt þegar eigandi hyggst taka framkvæmdina í nokkun eða byggingarstjóri telur framkvæmd lokið og hana tilbúna til lokaúttektar af hálfu embættisins.

### Þjónustugátt byggingafulltrúa

Þann 1. nóvember 2019 var tekið stórt skref í rafrænni stjórnsýslu embættisins þegar tekin var í notkun rafræn þjónustugátt byggingafulltrúa. Þar geta umsækjendur um byggingarleyfi, eða hönnuðir í þeirra umboði, farið inn í gegnum heimasíðu embættisins, [www.utu.is](http://www.utu.is) og sótt um byggingarleyfi og tilkynningarskyldar framkvæmdir með því að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum. Í gegnum þjónustugáttina skal einnig skila öllum gögnum frá umsækjanda, hönnuðum og öðrum hlutaðeigandi aðilum. Einnig eiga byggingastjórar og iðnmeistarar að staðfesta sig inn á einstaka verk í gegnum þjónustugáttina.

Í tilefni af opnun þjónustugáttarinnar hélt embættið sérstakan kynningarfund um gáttina og möguleika hennar í Félagsheimilinu Borg í Grímsnesi þann 16. október 2019. Þjónustugáttin einfaldar mjög allt utanumhald og eykur öryggi skjalavistunar gagnanna þar sem hún tryggir að innsend gögn raðast á rétt málanúmer strax í upphafi. Væntingar starfsmanna eru um að þessi þróun haldi áfram og að þjónustugáttin verði einnig tekin upp varðandi önnur mál á könnu byggingafulltrúa sem og varðandi umsóknir og utanumhald skipulagsmála.

### Afgreiðslur byggingafulltrúa

Byggingafulltrúi afgreiðir umsóknir um byggingarleyfi í samræmi við ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingareglugerð nr. 112/2012. Afgreiðslan skiptist í tvö megin stig. Á fyrri stigi er farið yfir umsókn og aðaluppdrættir yfirfarnir skv. skoðunarhandbók Húsnæðis- og mannvirkja-



stofnunar sem gerir starfið faglegra og samræmdara en áður var. Einnig er kannað hvort fyrirhuguð framkvæmd samræmist því skipulagi sem gildir um svæðið þar sem framkvæmd er fyrirhuguð. Ef svo reynist vera er umsækjandi upplýstur um samþykkt byggingaráfoma af hálfu embættisins en ef áformin falla ekki að skipulaginu er málinu vísað til skipulagsfulltrúa til meðferðar. Síðari hluti afgreiðslunnar er útgáfa sjálfs byggingarleyfisins þegar samþykkt byggingaráfoma liggur fyrir. Í byggingarleyfinu felst að sérteikningar liggja fyrir ásamt uppáskriftum byggingarstjóra og iðnmeistara auk þess sem byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa eru að jafnaði 2 í mánuði nema í júlímánuði þegar fundir falla niður vegna sumarleyfa. Þessa fundi sitja alla jafna byggingarfulltrúi ásamt aðstoðarmönnum byggingarfulltrúa og fulltrúa frá Brunavörnum Árnessýslu. Á árinu 2019 voru haldnir 20 afgreiðslufundir byggingarfulltrúa.

**Talnaefni byggingarfulltrúa 2019:**

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá heildarfjölda mála sem afgreidd voru á afgreiðslufundum byggingarfulltrúa árið 2019:

Samantekt byggingarmála fyrir árið 2019.		Íbúðakís / Parkís / Raðkís	Þjónustuhúsnæði / Væðisunartönn	Ívæðisbúðakís / Landútskrárbýggingar	Sumarkís	Tilkynningabýðingar / Framlæmðir, litlar geyrnar	Annar, bæytis skráning, breyting á áður samþykktu máli	Graftrarleyfi	Stöðuleyfi	Rekstraleyfi umsagnar	Núkunif	Samtals mála fjöldi	%
8610	Ásahreppur	3	4	3	0	2	1	4	0	5	1	23	5.67%
8710	Hrunamannahreppur	3	3	2	3	4	2	1	3	7	0	28	6.90%
8719	Grímsnes-og Grafningshreppur	1	1	2	55	52	8	4	9	22	4	158	38.92%
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	4	5	3	6	7	5	4	1	11	3	49	12.07%
8721	Bláskógabyggð	12	10	3	21	17	6	5	8	26	6	114	28.08%
8722	Flóahreppur	6	1	5	4	3	3	2	3	5	2	34	8.37%
	Samtals	29	24	18	89	85	25	20	24	76	16	406	100.00%

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá samanburð milli ára um fjölda byggingarmála milli ára. Um er að ræða öll byggingarmál, graftrarleyfi og tilkynningarskyldar framkvæmdir (290 mál af 406):

		2019	2018	2017	2016	2015	2014
8610	Ásahreppur	17	9	16	3	8	6
8710	Hrunamannahreppur	18	25	28	19	23	14
8719	Grímsnes-og Grafningshreppur	123	121	111	98	88	108
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	34	41	22	32	11	13
8721	Bláskógabyggð	74	78	85	73	69	68
8722	Flóahreppur	24	21	27	17	14	17
	Samtals	290	295	289	242	213	226

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir stöðu byggingarmála í lok árs 2019 sem enn eru opin mál. Í byggingu eru 791 mál. Alls var fjöldi lokaðra byggingarmála 280 á árinu sem þýðir að lokaúttekt hefur farið fram og byggingarmálinu sé lokið af hálfu embættisins. Í kerfinu eru enn 441 byggingarmál sem er lokið án lokaúttektar og eru skráð á byggingarstigi 4, matsstigi 8 sem þýðir að framkvæmd hefur verið tekin í notkun án þess að lokaúttekt hafi farið fram.



Staða	30.12.2019				
Sveitarfélag	Málafjöldi byggingarmál í vinnslu	% af heild	Í byggingu	Lokið án lokaúttektar (bst 4 matstig 8)	Málum lokið af heildarfjölda Árið 2019
Grímsnes og Grafnings	695	46%	377	197	121
Bláskógabyggð	448	30%	222	149	77
Flóinn	111	7%	60	36	15
Hrunamannahreppur	96	6%	47	22	27
Skeiða og Gnúpverjahreppur	121	8%	69	22	30
Ásahreppur	41	3%	16	15	10
Samtals	1512		791	441	280
			52%	29%	19%

Í töflunni hér fyrir neðan er samanburður milli ára á fjölda umsókna um stöðuleyfi:

Umsóknir um Stöðuleyfi milli ára		2019	2018	2017	2016	2015	2014
8610	Ásahreppur	0	2	1	0	1	3
8710	Hrunamannahreppur	3	6	4	5	3	2
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	9	12	6	3	2	1
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1	2	1	3	3	1
8721	Bláskógabyggð	8	13	1	14	5	6
8722	Flóahreppur	3	6	5	1	3	0
	Samtals	24	41	18	26	17	13

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda umsagna um rekstrarleyfi milli ára:

Yfirlit yfir Umsagnir um Rekstrarleyfi milli ára.					
Sveitarfélag	2019	2018	2017	2016	2015
Ásahreppur	5	6	2	2	2
Hrunamannahreppur	7	6	10	7	2
Grímsnes og Grafnings	22	17	10	15	20
Skeiða og Gnúpverjahreppur	11	4	6	4	8
Bláskógabyggð	26	23	17	23	22
Flóinn	5	7	7	11	7
<b>Samtals</b>	<b>76</b>	<b>63</b>	<b>52</b>	<b>62</b>	<b>61</b>

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þróun í fjölda sumarhúsa milli ára innan starfssvæðis embættisins, skv. skráningu hjá Þjóðskrá Íslands:

Fjöldi sumarhúsa skv. Þjóðskrá								
Ár / Fjöldi sumarhúsa								
Sveitarfélag	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Ásahreppur	35	34	31	30	29	30	31	31
Hrunamannahreppur	365	356	348	344	341	338	331	325
Grímsnes- og Grafningshreppur	2.908	2.871	2.832	2.793	2.689	2.673	2.642	2.605
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	198	193	189	181	176	173	166	164
Bláskógabyggð	1.993	1.987	1.979	1.965	1.917	1.907	1.881	1.862
Flóahreppur	94	94	90	89	85	85	87	85
<b>Samtals:</b>	<b>5.593</b>	<b>5.535</b>	<b>5.469</b>	<b>5.402</b>	<b>5.237</b>	<b>5.206</b>	<b>5.138</b>	<b>5.072</b>
<b>Heildarfjöldi sumarhúsa á Íslandi:</b>	<b>13.516</b>	<b>13.397</b>	<b>13.245</b>	<b>13.114</b>	<b>12.882</b>	<b>12.748</b>	<b>12.574</b>	<b>12.401</b>

U.þ.b. 41% af öllum sumarhúsum á Íslandi er í umdæmi UTU bs.

Í töflunni hér að neðan má sjá þróun í fjölda íbúða í hverju sveitarfélagi milli ára skv. skráningum í Þjóðskrá Íslands:

Fjöldi íbúða		Ár / Fjöldi íbúða							
	Heiti sveitarfélags	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
8610	Ásahreppur	96	94	90	91	92	90	87	87
8710	Hrunamannahreppur	310	299	296	293	293	291	289	289
8719	Grímsnes-og Grafningshreppur	217	215	219	212	210	207	206	202
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	246	239	237	237	236	236	235	233
8721	Bláskógabyggð	465	464	453	446	441	441	440	440
8722	Flóahreppur	249	247	242	239	234	232	230	226
	<b>Samtals</b>	<b>1583</b>	<b>1558</b>	<b>1537</b>	<b>1518</b>	<b>1506</b>	<b>1497</b>	<b>1487</b>	<b>1477</b>

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá fjölda móttækinna teikninga til byggingarfulltrúa miðað við einrit. Þennan fjölda teikninga þarf að skanna, flokka og gefa rétt eigindi inn í gagnasjá embættisins. Allar teikningar berast þó í tvíriti sem allar þarf að stimpla eða ríflega 6.000 teikningar árlega. Annað eintakið er sent til eiganda, hitt er geymt hjá embættinu.

Teikningar mótekna, tölur eru samtals einrit teikninga. Teikningar berast í tvíriti.					
Ár	2019	2018	2017	2016	2015
Fjöldi	<b>3008</b>	<b>3154</b>	<b>3205</b>	<b>2626</b>	<b>2379</b>

---

### Núverandi staða og framtíðarsýn byggingarfulltrúa:

Mikil rafræn þróun er í gangi í samfélaginu og eru byggingarmálin hluti af því. Af hendi félags- og barnamálaráðherra, sem er ráðherra byggingarmála, hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki nr. 160/2010. Í þessu frumvarpi er lögð áhersla á að rafrænar undirskriftir, áritanir og staðfestingar vegna byggingarleyfis í byggingargátt eða á öðrum vettvangi séu jafngildar áritun með eigin hendi. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir að gagnaskil, staðfestingar og samþykki fari að öllu leyti fram með rafrænum hætti og að það verði meginreglan við umsóknarferli um byggingarleyfi. Af þessu mál ljóst vera að samfara þessu nýju lögum mun innsendum teikningum á pappír fara fækkandi til embættisins á næstu misserum og árum og hönnuðum gefinn kostur á, eða jafnvel gert skylt, að skila inn rafrænum teikningum sem þeir hafa undirritað með rafrænni undirskrift. Embætti byggingarfulltrúa mun síðan undirrita rafrænt á móti. Ljóst má vera að stofnkostnaður embættisins og rekstur vegna upptöku rafrænna undirskrifa verður einhver en á móti mun sparast mikill tími í móttöku, skráningu og skönnun á pappírsteikningum inn í gagnasjá embættisins.

Í frumvarpinu um breytingu á mannvirkjalögum er fallið frá fyrri kröfu um faggildingu byggingarfulltrúa. Þess í stað er lögð mikil áhersla á að öll embætti byggingarfulltrúa skuli hafi virkt gæðastjórnunarkerfi þar sem úttektarskýrslu sé aflað frá viðurkenndri skoðunar- eða vottunarstofu. Af þessu leiðir að UTU bs. mun á næstu mánuðum þurfa að leggja mikla áherslu á að laga og klára ferla vegna gæðastjórnunarkerfis byggingarfulltrúa og afla téðrar úttektarskýrslu og bera eðli málsins samkvæmt kostnað af því.

Frumvarpið um breytingar á mannvirkjalögum 160/2010 var sent til umsagnar í samráðsgátt frá 30.04. til 14.05.2020 og lagt fram á 150. löggjafarþingi 2019-2020 með útbýtingardegi 23.06.2020 en ekki náðist að klára málið á því þingi. Frumvarpið er því nú endurflutt nú á 151. löggjafarþingi 2020-2021 og var útbýtingardagur þann 01.10.2020. Málið er nú til umfjöllunar í velferðanefnd þingsins. Nauðsynlegt er að frumvarpið verði afgreitt á þessu þingi, þ.e. fyrir áramót, til að engin vafamál komi upp varðandi niðurfellingu á kröfum um faggildinu byggingarfulltrúaembættana, sem á skv. gildandi lögum að taka gildi 1. janúar 2021.

Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi